

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 152/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Daníel Helgasyni**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1992 að ósk ákærða. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Af hálfu verjanda ákærða hefur munnlegur flutningur málsins hér fyrir dómi að verulegu leyti snúist um játningu ákærða fyrir lögreglu. Ekki verður séð, að héraðsdómur sé byggður á þessari játningu, og þykja önnur gögn málsins veita nægan grundvöll til að leggja á það dóm.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Daníel Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. mars 1992.**

Ár 1992, mánudaginn 9. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Simóni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 105/1992: Ákærvaldið gegn Daníel Helgasyni, sem var dómtekið 21. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. nóvember 1991, á hendur ákærða, Daniel Helgasyni, Kóningsbakka 15, Reykjavík, kt. 240459-2139, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-14039 norður Vatnsendaveg á Rjúpnahæð í Kópavogi að afleggjara að örbylgjustöð Landssíma Íslands, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 1991 kl. 3.40 voru lögreglumennirnir Guðmundur Ingi Ingason, Páll Sigurðsson og Sævar Finnbogason úr liði lögreglunnar í Kópavogi á leið norður Vatnsendaveg í Kópavogi. Óku þeir þá fram á bifreiðina R-14039, þar sem hún var utan vegar á Rjúpnahæð við afleggjara að örbylgjustöð Landssíma Íslands. Er lögregla kom að bifreiðinni, var Daniel Helgason við farangursgeymslu hennar, en hún sneri með afturenda í átt að veginum.

Er þess getið í lögregluskýrslu, að jarðvegur umhverfis bifreiðina hafi verið gljúpur, og hefðu skófor af þeim sökum markað vel í hann. Spor hefðu verið út úr bifreiðinni vinstra megin, en engin við hægri hlið. Var ákærði færður yfir í lögreglubifreiðina, en lögreglumenn fundu leggja frá honum talsverðan áfengisþef. Kvað Daniel ungan dreng, er hann gat ekki gert grein fyrir, hafa ekið bifreiðinni úr Hafnarfirði, og hefði ökumaðurinn misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún hefði hafnað utan vegar. Við það hefði ökumaðurinn horfið á brott af vettvangi, „norður yfir holtið“, eins og segir í skýrslu lögreglumanna.

Daniel var færður á lögreglustöðina í Kópavogi og þar fyrir Sæmund Guðmundsson varðstjóra. Þaðan lá leið hans í fylgd lögreglu á lögreglustöðina við Hverfisgötu, og tók lækni þar úr honum blóðsýni til rannsóknar á alkóhólinnihaldi. Niðurstöður úr þeirri rannsókn sýndu, að áfengismagn í blóði Daniels var 1,56%. Að því loknu var Daniel færður í fanga-geymslur lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu, og beið hans skýrslutaka á lögreglustöðinni í Kópavogi næsta dag.

Sunnudaginn 2. júní kl. 12.59 var Daniel færður fyrir Odd Ólafsson lögregluþjón á lögreglustöðinni í Kópavogi. Við yfirheyrslur hélt hann fast við það, að ungur drengur hefði ekið bifreiðinni R-14039 frá veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði, þar til bifreiðin hefði lent utan vegar á Rjúpnahæð. Skýrslutöku yfir Daniel lauk klukkan 15.30, og var hann hafður

áfram í haldi á lögreglustöðinni vegna rannsóknar málsins. Klukkan 18.05 var Daníel að nýju tekinn til yfirheyrslu og þá af Guðmundi H. Jónssyni aðstoðaryfirlögrelupjóni. Við þá yfirheyrslu játaði Daníel að hafa kvöldið áður verið ökumaður bifreiðarinnar R-14039. Skýrslutöku lauk kl. 18.26, og var Daníel þá frjáls ferða sinna af lögreglustöðinni.

Hinn 13. nóvember 1991 voru gerð boð eftir ákærða úr sakadómi Reykjavíkur, og var honum þar boðið að ljúka ætluðu ölvunarakstursmáli sínu aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 1991 með dómsátt. Þeim málalokum hafnaði Daníel, þar sem hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni, svo sem honum var gefið að sök. Kvað hann á dómþingi játningu sína hjá lögreglu hafa komið til vegna þvingana lögreglu á lögreglustöðinni í Kópavogi sunnudaginn 2. júní 1991.

Ákærða var birt ákæra í máli þessu 6. desember 1991, og gaf hann skýrslu á dómþingi 29. janúar sl. og þá að viðstöddum skipuðum verjanda sínum. Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði að kvöldi laugardagsins 1. júní 1991. Þar hefði hann drukkið áfengi til klukkan 3.00 um nóttina, en þá hefði hann horfið af staðnum. Hefði hann á veitingastaðnum hitt ungan dreng, er hefði verið í sömu erfiðleikum og ákærði við að útvega sér leigubifreið af staðnum. Hefði orðið úr, að drengurinn hefði tekið að sér að aka bifreið ákærða til Reykjavíkur. Á leið þeirra upp á Rjúpnahæð í Kópavogi hefði bifreiðin lent í lausamöl með þeim afleiðingum, að hjólbarði undir henni hefði sprungið. Við það hefði ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún lenti utan vegar. Hefði drengnum við það brugðið verulega. Kvaðst ákærði hafa reynt að grípa til drengsins, er hann hefði forðað sér út úr bifreiðinni. Hefði ákærði við það farið á eftir honum út úr bifreiðinni vinstra megin. Pilturinn hefði farið aftur fyrir bifreiðina og upp á veginn aftur, en þaðan hefði hann haldið í áttina að Breiðholti. Ekki kvaðst ákærði hafa treyst sér til að ná drengnum, og því hefði hann ákveðið að slökkva á aflvél og ökuljósum bifreiðarinnar. Síðan hefði hann ákveðið að huga að varahjólbarða bifreiðarinnar, þar sem loft hefði verið farið úr báðum hjólbörðum vinstra megin. Hefði hann verið að huga að hjólbarðanum, er lögreglumenn hefðu komið að sér. Kvaðst ákærði hafa tjáð lögreglu, að ökumaður bifreiðarinnar hefði horfið á brott af vettvangi. Hefðu þeir í framhaldi af því skoðað vettvang umhverfis bifreiðina til að aðgæta um önnur spor. Drengnum, er ók bifreiðinni, kvaðst ákærði ekki geta lýst með öðrum hætti en þeim, að hann hefði verið ungur, dökkhærður og meðalhár. Ekki kvaðst hann geta gert grein fyrir nafni hans, þar sem hann hefði ekki vitað nein deili á honum, áður en drengurinn tók að sér að aka bifreið ákærða. Varðandi jarðveginn umhverfis bifreiðina kvað ákærði hann hafa verið þurran og stinnan vegna mikilla hita undanfarandi daga,

og því hefði markað óverulega í hann. Lögreglumennirnir hefðu fyrst athugað vettvang umhverfis bifreiðina, eftir að þeir hefðu verið búnir að ræða við ákærða. Hefðu þeir komið úr sömu átt og ökumaður bifreiðarinnar hefði haldið í, og því hefði verið ógjörningur að greina för eftir ökumanninn. Eftir að ákærði hefði tjáð lögreglu, að annar hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, hefði hann verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi og þar fyrir varðstjóra.

Eftir að hann hafði dvalist næturlangt í fangageymslum lögreglunnar við Hverfisgötu, kvaðst ákærði hafa verið færður aftur á lögreglustöðina í Kópavogi. Þar hefði Oddur Ólafsson lögregluþjónn annast rannsókn málsins. Eftir ítrekaðar beiðnir ákærða hefði verið haft samband við Svein Sigurkarlsson héraðsdómara, er hefði komið á lögreglustöðina. Kvað ákærði Svein hafa gert Oddi grein fyrir því, að hann gæti ekki tekið að sér réttargæslu í málinu, þar sem hann væri starfandi héraðsdómari í öðru lögsagnarumdæmi. Kvað ákærði Svein hafa gefið sér þau ráð að gefa framburðarskýrslu í málinu og að Sveinn myndi að skýrslugjöf lokinni aka ákærða til síns heima. Þá hefði Oddur haldið yfirheyrslum áfram, og að þeim loknum hefði Sveinn innt Odd eftir því, hvort málinu væri ekki lokið að sinni, svo að ákærði gæti farið heim. Ekki hefði það gengið eftir, og hefði Oddur gefið í skyn, að óskað yrði gæsluvarðhalds yfir ákærða vegna málsins, „þar til hið sanna kæmi í ljós“.

Um svipað leyti hefði Guðmundur H. Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn komið á lögreglustöðina og tekið við rannsókn málsins. Hefði Guðmundur í upphafi látið óvönduð orð falla í garð Sveins Sigurkarlssonar vegna nærveru hans á lögreglustöðinni, og hefði Sveinn í framhaldi af því haldið á brott af lögreglustöðinni. Ákærði sagði, að hann hefði á þeirri stundu verið settur í fangaklefa lögreglustöðvarinnar, og þar hefði Guðmundur tjáð sér, að ákærði yrði að dveljast, þar til hann játaði brot sitt. Hefði aðstoðaryfirlögregluþjónninn í viðurvist Sveins látið í það skína, að krafist yrði gæsluvarðhalds yfir ákærða. Aðeins breyttur framburður hans gæti orðið þess valdandi, að ákærði yrði frjáls ferða sinna af lögreglustöðinni.

Ákærði kvaðst á þeim tíma, er greindir atburðir urðu, hafa starfað sem framkvæmdastjóri fyrirtækis í Reykjavík. Hefði hann næsta dag átt von á gesti frá útlöndum í tengslum við starf sitt, auk þess sem fundir hefðu þá verið fyrirhugaðir. Hefði hann á þeim tíma ákveðið að meta persónulega hagsmuni og hagsmuni fyrirtækisins ofar sannleikanum og í framhaldi af því ákveðið að breyta framburði sínum. Hefði hann játað þann verknað, er hann nú er ákærður fyrir. Hefði játning sín því verið fengin með þvingunum lögreglunnar í Kópavogi.

Fyrir dóminn hafa komið fjölmörg vitni. Eru það lögreglumennirnir Páll Sigurðsson, Laufbrekku 23, Kópavogi, Guðmundur Ingi Ingason, Hlíðar-

hjalla 17, Kópavogi, og Sævar Finnbogason, Löngumýri 21, Garðabæ, en framangreindir lögreglumenn unnu að frumrannsókn málsins á Rjúpnahæð í Kópavogi. Þá hafa komið fyrir dóminn Guðmundur H. Jónsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Fögrukinn 24, Hafnarfirði, og Oddur Ólafsson lögregluþjónn, Skipasundi 69, Reykjavík, en Guðmundur og Oddur unnu að rannsókn málsins á lögreglustöðinni í Kópavogi 2. júní 1991. Að lokum kom fyrir dóminn Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari, Langagerði 18, Reykjavík, en vitnið kom á lögreglustöðina í Kópavogi til viðræðna við ákærða. Verður hér á eftir gerð grein fyrir framburði ofangreindra vitna og þá fyrst þeirra þriggja lögreglumanna, er komu að bifreiðinni R-14039 utan vegar á Rjúpnahæð í Kópavogi.

Framburður lögreglumannanna Páls, Guðmundar Inga og Sævars hefur við meðferð málsins verið að mestu leyti samhljóða. Kváðust lögreglumennirnir hafa ekið norður Vatnsendaveg í Kópavogi aðfaranótt 2. júní 1991, er þeir hefðu komið að bifreiðinni R-14039 utan vegar við afleggjara að örbylgjustöð Landssíma Íslands á Rjúpnahæð. Hefði afturendi bifreiðarinnar vísað í átt að veginum og ákærði verið einn að bogra við afturenda hennar. Hefðu þeir stöðvað lögreglubifreiðina og rætt við ákærða, er hefði tjáð lögreglumönnum, að ungur drengur hefði ekið bifreiðinni. Drengurinn hefði hlaupið út og fram með bifreiðinni og á brott af vettvangi. Kváðust lögreglumennirnir hafa fundið sterkan áfengisþef leggja frá ákærða, og hefði hann því verið færður í lögreglubifreiðina. Gátu lögreglumennirnir þess sérstaklega, að jarðvegur umhverfis bifreið ákærða hefði verið það gljúpur, að vel hefði markað í hann. Hefðu þeir einungis veitt athygli förum eftir ákærða frá vinstri hlið bifreiðarinnar. Engin för hefðu verið sýnileg hægra megin við hana.

Vitnið Páll Sigurðsson kvað fyrir dómi, að vettvangur hefði verið rannsakaður eftir viðræður við ákærða. Hefðu spor eftir ökumann ekki leynt sér, ef hann hefði haldið fram með bifreiðinni. Ef ökumaður hefði á hinn bóginn farið aftur með bifreiðinni, í sömu átt og lögregla kom úr, hefði verið erfiðara að átta sig á förum hans.

Vitnið Guðmundur Ingi Ingason kvað vettvang hafa verið rannsakaðan lítilllega, áður en rætt hefði verið við ákærða, en þó aðallega eftir viðræður við hann.

Lögreglumennirnir kváðu, að aflvél bifreiðarinnar hefði ekki verið í gangi, en hún hefði verið heit viðkomu, og hefðu lykklar hennar verið á hillu undir afturglugga bifreiðarinnar. Framhald málsins hefði verið það, að ákærði hefði verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi, og þar hefði hann verið færður fyrir varðstjóra.

Vitnið Sveinn Sigurkarlsson kvaðst nefndan dag hafa komið á lögreglustöðina í Kópavogi að beiðni ákærða. Kvaðst vitnið í upphafi hafa gert

Oddi Ólafssyni lögregluþjóni grein fyrir því, að það gæti ekki tekið að sér réttargæslu í málinu vegna starfa vitnisins. Eftir að því hefði verið skýrt frá málsatvikum, kvaðst vitnið hafa innt Odd eftir því, hvað tefði málið. Hefðu viðbrögð lögreglumannsins borið þess merki, að hann hefði verið óvanur rannsóknum sem þeirri, er til meðferðar var. Í viðræðum við ákærða kvað vitnið hafa komið fram, að ákærði hefði átt von á heimsókn erlends manns, og af þeim sökum yrði hann að losna úr haldi. Vitnið kvað Guðmund H. Jónsson aðstoðaryfirlögreljuþjón stuttu síðar hafa komið á lögreglustöðina, og hefði hann tekið við rannsókn málsins. Hefði aðstoðaryfirlögreljuþjóninn kallað vitnið á eintal og haft þar óviðurkvæmileg ummæli um veru vitnisins á lögreglustöðinni. Bæði Oddur Ólafsson og Guðmundur H. Jónsson hefðu gefið það í skyn á lögreglustöðinni, að farið yrði fram á gæsluvarðhald yfir ákærða, ef hann játaði ekki akstur bifreiðarinnar. Að þeim ummælum hefði ákærði orðið vitni. Kvaðst vitnið hafa haft samband við Kjartan Reyni Ólafsson hrl., eftir að það var komið til síns heima, og hefði það bent lögmanningum á, að ákærði þyrfti á réttargæslumanni að halda vegna rannsóknar málsins.

Vitnið Guðmundur H. Jónsson aðstoðaryfirlögreljuþjónn hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst vitnið hafa komið á lögreglustöðina í Kópavogi um kl. 16.00 sunnudaginn 2. júní sl. að beiðni Odds Ólafssonar lögregluþjóns. Fyrsta verk sitt kvað vitnið hafa verið að kanna aðstæður á Rjúpnahæð ásamt því að athuga þær lögregluskýrslur, er þá höfðu verið ritaðar vegna rannsóknar málsins. Á meðan á því hefði staðið, hefði ákærði verið færður í fangaklefa lögreglustöðvarinnar. Ákærði hefði síðar óskað eftir því, að tekin yrði ný framburðarskýrsla af sér, eftir að vitnið hefði upplýst ákærða um það, hvernig mál sem þetta væru almennt afgreidd. Hefði ákærði við þá skýrslutöku játað að hafa ekið bifreiðinni R-14039 á Rjúpnahæð, svo sem honum var þá gefið að sök. Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið beittan þvingunum að neinu leyti við yfirheyrslur á lögreglustöðinni. Þá hefði verið nauðsynlegt að halda honum þar fram eftir degi vegna rannsóknar málsins. Þá kvaðst vitnið aldrei á þeim tíma, er það vann að rannsókn málsins, hafa gefið það í skyn, að óskað yrði eftir gæsluvarðhaldi yfir ákærða, ef hann játaði ekki brot sitt.

Vitnið Oddur Ólafsson staðfesti fyrir dómi, að það hefði haft með höndum frumrannsókn málsins á lögreglustöðinni í Kópavogi. Kvað það ákærða hafa játað að hafa ekið bifreiðinni R-14039, svo sem honum var gefið að sök, við yfirheyrslu hjá Guðmundi H. Jónssyni aðstoðaryfirlögreljuþjóni, enda þótt hann hefði áður neitað þeim verknaði við yfirheyrslu hjá vitninu. Að yfirheyrslu lokinni hefði ákærði verið frjáls ferða sinna af lögreglustöðinni. Ekki kannaðist vitnið við það, að beitt hefði verið óeðlilegum þvingunaraðferðum við rannsókn málsins til þess að fá ákærða til að játa brot sitt. Þá kannaðist

vitnið ekki við það að hafa við rannsókn málsins gefið í skyn, að óskað yrði eftir gæsluvarðhaldi yfir ákærða, játaði hann ekki brot sitt.

Dómarinn hefur ásamt ákærða og skipuðum verjanda hans gengið á vettvang. Þá var starfsaðstaða lögreglunnar í Kópavogi könnuð.

#### *Niðurstöður.*

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði fyrir dómi neitað því að hafa ekið bifreiðinni R-14039, svo sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Hefur hann borið, að ungur drengur, er hann hefur ekki getað gert grein fyrir, hafi ekið bifreiðinni greint sinn, en drengurinn hafi horfið á brott frá bifreiðinni, eftir að hún hafnaði utan vegar. Kveður ákærði játningu sína hjá lögreglu vera til komna vegna þvingana.

Við upphafsransókn máls þessa er við framburð lögreglumannanna Guðmundar Inga Ingasonar, Páls Sigurðssonar og Sævars Finnbogasonar að styðjast svo og framburð ákærða sjálfs. Er greindir lögreglumenn höfðu afskipti af ákærða, var bifreið ákærða utan vegar, aflvél hennar heit viðkomu, þó að hún væri ekki í gangi. Kveikjulásslyklar voru fyrir aftan aftursæti bifreiðarinnar, og var ákærði á þeim tíma við afturenda hennar. Lögreglumennirnir rannsókuðu vettvang og staðfestu fyrir dómi, að ekki hefðu sést ummerki eftir annan mann en ákærða við bifreiðina.

Framburður ákærða um málsatvik þykir ótrúverðugur og því ekki marktækur að áliti dómsins. Þegar þau atvik málsins eru virt, að aflvél bifreiðar ákærða var heit viðkomu, að kveikjulásslyklar voru í bifreiðinni, að lögreglumenn staðhæfa, að ekki hafi verið öðrum ummerkjum mannaferða en eftir ákærða til að dreifa umhverfis bifreiðina, að ákærði hefur ekki getað gert grein fyrir þeim, er ók bifreiðinni, þó að rúmt hálf ár sé liðið, síðan greint atvik varð, telur dómurinn sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni, enda ekki öðrum til að dreifa í því sambandi. Samkvæmt eigin framburði neytti ákærði áfengis umrætt kvöld og var með áfengisáhrifum, og er það í samræmi við framburð lögreglumannanna og niðurstöðu fyrirbyggjandi blóðrannsóknar.

#### *Sakaferill.*

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

#### *Refsing og önnur viðurlög.*

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af atvikum máls þessa hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í tíu daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Skal ákærði sviptur ökuréttindum í tólf mánuði frá uppkvaðningu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

*Sakarkostnaður.*

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða skv. 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Daníel Helgason, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald í tíu daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í tólf mánuði frá uppkvaðningu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., 30.000 krónur.

---